

Fimmtudaginn 16. desember 1993.

Nr. 407/1993. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn

**Kristjáni Vídalín Óskarssyni**

(Örn Höskuldsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ökuréttarsvipting. Aðfinnslur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henryrsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst 1993 og krefst sakfellingar samkvæmt ákæru, refsíákvörðunar og sviptingar ökuréttar.

Ákærði krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

#### **I.**

Í héraðsdómi er rakið, að tveir lögreglumenn komu að bifreiðinni JG-724 utan vegar í grennd við Melstað í Miðfirði með ökuljós kveikt og aflvél í gangi. Hafði lögreglu nokkru áður borist tilkynning frá veitingahúsinu Vertshúsinu á Hvammstanga um, að öku- maður bifreiðarinnar væri undir áhrifum áfengis. Samkvæmt frumskýrslu Kristófers Sæmundssonar lögreglumanns barst tilkynningin kl. 1.55. Þar kemur og fram, að lögreglumennirnir hafi komið að bifreiðinni kl. 2.40. Hafa þeir báðir staðfest það fyrir dómi. Annar þeirra, Arinbjörn Snorrason, giskaði á, að u. þ. b. 10 mínútur hefðu liðið, frá því að þeir sáu ljós bifreiðarinnar fyrst, þar til þeir komu að henni. Í lögregluskýrslunni segir, að lögreglumennirnir hafi séð á ljósum bifreiðarinnar, að henni væri ekið í ójöfnu landslagi. Hafa þeir báðir staðfest þetta fyrir dómi. Í lögregluskýrslunni kemur einnig fram, að ákærði og félagi hans hafi í fyrstu sagt, að þeir væru búnir að vera þarna á staðnum í þrjár klukkustundir, en þegar þeim var bent á, að tilkynnt hefði verið um aksturinn frá Vertshúsinu, sagði ákærði, að þeir hefðu verið þarna í u. þ. b. 20 mínútur.

Ákærði hefur frá upphafi staðfastlega neitað því að hafa neytt áfengis, áður en hann hóf akstur bifreiðarinnar JG-724 greint sinn.

Kveðst hann hafa drukkið áfengi, eftir að bifreiðin var stöðvuð, en þá hafi hann og félagar sínir hafið undirbúning gæsaveiða. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu og varðstjóraskýrslu kvaðst ákærði hafa drukkið u. þ. b. einn og hálfan bjór. Við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 1. desember 1992 kvaðst ákærði til viðbótar hafa drukkið eitthvað af viskí og vodka, þ. e. sopa og sopa. Þegar hann kom fyrir dóm, sagði hann, að þetta hefði verið „nokkur slatti af bjór og viskí“.

Í héraðsdómi er rakinn framburður Jóns Guðbjörnssonar, sem starfaði við dyravörslu í Vertshúsinu á Hvammstanga, en hann bar, að hann hefði greint áfengisáhrif á ákærða, og taldi vitnið, að hann hefði verið „kenndur“.

## II.

Blóðsýni var tekið úr ákærða til alkóhólákvörðunar kl. 3.52 umrædda nótt. Reyndist alkóhólinnihald þess 0,90‰. Þá var fengið þvagsýni hans 5-10 mínútum síðar samkvæmt upplýsingaskýrslu framangreindra lögreglumanna, sem lögð hefur verið fyrir Hæstarétt. Alkóhólmagn í þvagi reyndist 1,35‰.

Í bréfi Þorkels Jóhannessonar, forstöðumanns Rannsóknastofu í lyfjafræði, 23.febrúar 1993, sem lagt var fram í héraði, segir svo:

„Niðurstöðutölur ákvarðana á etanóli í blóði og þvagi benda til þess, að jafnvægi hafi verið komið á dreifingu etanóls í líkamanum og áfengisneyslan hafi því staðið a. m. k. 1-2 klst. Að því slepptu má búast við, að þéttni etanóls í þvagi svari um það bil til þess magns etanóls, sem verið hefði í blóðinu 1-2 klst. áður.“

## III.

Sem fyrr segir, komu lögreglumennirnir að bifreiðinni JG-724 kl. 2.40 með vél í gangi og ökuljós kveikt. Byggja ber á þeim samhljóða framburði þeirra, að bifreiðin hafi verið á hreyfingu, er þeir sáu til hennar skömmu áður. Þeir töldu báðir, að ákærði væri undir áfengisáhrifum. Þegar til þessa er litið, framburðar dyravarðarins á Hvammstanga, alkóhólmagns í blóði og þvagi ákærða, álits Rannsóknastofu í lyfjafræði svo og annarra atvika, verður að telja fram komna fullnægjandi sönnun þess, að ákærði hafi ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis, svo sem lýst er í ákæru. Varðar þetta

atferli hans við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákærði hlaut sekt á árinu 1984 fyrir of hraðan akstur, en hefur að öðru leyti ekki fyrr gerst brotlegur við lög.

Refsing ákærða samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga þykir hæfilega ákveðin 25.000 króna sekt í ríkissjóð, en vararefsing ákveðst sjö daga varðhald. Þá ber og samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 44/1993, að svipta ákærða ökurétti, og þykir sviptingartími hæfilega ákveðinn þrír mánuðir frá birtingu dóms þessa að telja.

Dæma ber ákærða til að greiða sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði greinir.

Framburður vitnisins Jóns Guðbjörnssonar gaf tilefni til þess, að kölluð yrðu fyrir dóminn sem vitni starfsstúlka og annar dyravörður Vertshússins, en það fórst fyrir.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Vídalín Óskarsson, greiði 25.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi sjö daga varðhald í sektar stað, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökurétti í þrjá mánuði frá sama tíma.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Arnar Höskuldssonar hæstaréttarlögmans, samtals 75.000 krónur.

#### Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. ágúst 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 12. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-152/1993: Ákærvaldið gegn Kristjáni Vídalín Óskarssyni, sem dómtekið er í dag.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 8. mars 1993, á hendur Kristjáni Vídalín Óskarssyni, Akurholti 3, Mosfellsbæ, kt. 260148-7299, „fyrir að aka bifreiðinni JG-724 aðfaranótt laugardagsins 29. ágúst 1992 undir áhrifum áfengis frá Vertshúsinu á Hvammstanga í Húnavatnssýslu að Melstað í Miðfirði.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987“.

Laugardaginn 29. ágúst 1992 kl. 1.55 var lögreglumönnum, sem voru á verði á Blönduósi, tilkynnt um, að bifreiðinni JG-724 hefði verið ekið frá Vertshúsinu á Hvammstanga, og væri ökumaður hennar ölvaður. Lögreglumenn óku vestur í Miðfjörð, og er þeir komu á Laugabakka, sáu þeir ljós frá bifreið, sem sjáanlega var utan vegar skammt frá býlinu Melstað, og töldu, að henni væri ekið í ójöfnu landslagi. Lögreglumennirnir komu að bifreiðinni kl. 2.40, þar sem hún stóð utan vegar með ökuljós og í gangi.

Er lögreglumenn komu að bifreiðinni, stóðu tveir menn fyrir aftan hana og voru að klæða sig í skjólföt. Aðrir tveir sváfu í aftursæti bifreiðarinnar og voru ölvaðir. Annar þeirra, er utan stóðu, var auðsjáanlega ölvaður, en ekki sá mikið á hinum, en þó lagði frá honum áfengisþef. Sögðust þeir vera að undirbúa gæsaveiðar.

Ákærði, sem var annar þeirra tveggja, er stóðu aftan við bifreiðina, hafði ekið bifreiðinni og kvaðst hafa nýtt áfengis, eftir að akstri lauk, en ekki áður, og ekki hefði hann fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Vitnið Kristófer Svavarsson lögreglumaður skýrði svo frá, að borist hefði kall frá Hvammstanga laust fyrir kl. 2.00. Þeir hefðu ekið áleiðis að Laugabakka, og ætlaði vitnið, að það tæki 20-30 mín. Þar sá vitnið, að bílljós voru flöktandi utan vegar vestan Miðfjarðarár í landi Melstaðar, að því er vitnið ætlar, vegna hreyfingar á ljósum. Vitnið ók á þann stað, þar sem bifreiðin JG-724 stóð úti í móa, og var ákærði þar fyrir. Billinn var opinn að aftan og tveir menn þar að klæða sig í skjólföt. Annar þessara manna var ákærði. Skýrsla vitnisins er öldungis samhljóða lögregluskýrslu, er hann gerði í tilefni þessa atburðar. Vitnið kveður bifreiðina hafa verið smáspöl frá þeim stað, er þeir lögðu lögreglubifreiðinni, og verið utan vegar. Vitnið kveður bifreiðina hafa verið í gangi og tveir menn verið sofandi í aftursæti.

Vitnið Arinbjörn Snorrason lögreglumaður kvaðst ætla, að þeir hefðu verið u. þ. b. hálf tíma að aka til Laugabakka. Vitnið sagðist hafa séð bílljós handan Miðfjarðarár í landi Melstaðar. Vitnið kvað ljósin á bilnum hafa hreyfst, eins og ekið væri í þýfi. Fóru þeir þá vestur eftir og að bifreiðinni, sem reyndist vera bifreiðin JG-724. Tveir menn stóðu fyrir aftan bilinn, en hleri á honum að aftanverðu var opinn. Var ákærði annar þessara manna. Mennirnir voru að klæða sig í veiðifatnað. Annar þessara manna var sýnilega ölvaður, en vitninu virtist ákærði ekki ölvaður í fyrstu, en er hann fór að ræða við ákærða, virtist honum ákærði vera undir áfengisáhrifum. Vitnið kvaðst hafa séð ljós bifreiðarinnar hreyfast upp og niður, og virtist vitninu sem bifreiðinni væri ekið til norðurs. Vitnið telur óhugs-

andi, að menn hafi gengið fyrir ljósin og þannig hafi virst sem þau hreyfðust. Vitnið kveður það alveg geta staðist, að þeir hafi komið að bifreiðinni kl. 2.40. Vitnið kvaðst gíska á, að innan við 10 mín. hefðu liðið, frá því að þeir sáu ljósin og þar til að þeir komu að bifreiðinni.

Vitnið Jón Guðbjörnsson afgreiðslumaður var dyravörður í Vertshúsinu á Hvammstanga og kvaðst hafa séð ákærða þar ásamt félögum sínum. Hann sagði, að félagar ákærða hefðu verið áberandi ölvaðir. Vitnið var eingöngu við dyravörslu. Vitnið sagði, að starfsstúlka hefði sagt sér, að ákærði hefði keypt áfengi. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða neyta áfengis, hins vegar hefði nýnefnd stúlka og hinn dyravörðurinn sagst hafa séð ákærða gera það. Vitnið kvaðst hafa horft í augu ákærða, og hefðu þau verið rauð og fljótandi. Hann kvaðst ekki hafa athugað göngulag ákærða sérstaklega. Hann kvaðst hafa heyrt ákærða tala við einn félaga sinna. Fannst vitninu málfar ákærða „sljólegt“, en ekki kvaðst vitnið geta sagt það nú, hvort hann hefði verið þvoglumæltur. Vitnið kvaðst hafa fundið áfengisþef frá ákærða, en vitnið kvaðst hafa staðið við hlið honum. Vitnið kvað ákærða og félaga hans hafa farið út, en samstarfsmaður vitnisins sagði því, að þeir fjórmenningsarnir væru lagðir af stað í bíl, og þar sem þeir töldu ákærða ölvaðan, hefðu þeir tilkynnt lögreglu þetta. Vitnið kvaðst hafa starfað við dyravörslu ein átta ár og hafa nokkra reynslu af því að meta, hvort menn væru undir áfengisáhrifum. Hann kvaðst telja, að ákærði hefði verið undir áfengisáhrifum í umrætt sinn, kenndur, að því er vitnið sagði. Veitingastaðurinn var opinn til kl. 3.00 um nóttina, og var mjög margt gesta. Vitnið kvaðst ætla, að klukkan hefði verið um 2-2.30, er ákærði og félagar hans fóru.

Vitnið Ásgeir Halldór Ingvason sölumaður var staddur í Vertshúsinu á Hvammstanga ásamt félögum sínum. Vitnið kvaðst hafa verið drukkið. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir því, að ákærði neytti áfengis. Vitnið kvaðst hafa sofnað á leiðinni á veiðistað og ekki vaknað, fyrr en lögreglan var farin.

Vitnið Sigurgeir Sigmundsson trésmíðameistari kvaðst hafa verið í Vertshúsinu á Hvammstanga, en hvorki hafa séð ákærða kaupa áfengi né neyta þess um kvöldið. Hann kvað slatta af fólki hafa verið í Vertshúsinu. Hann kvaðst ekki hafa séð nein merki þess, að ákærði hefði verið ölvaður, en vitnið á bilinn, sem ekið var. Vitnið kveður ákærða hafa tekið að sér akstur vegna þess, að vitnið var undir áhrifum áfengis. Vitnið kvaðst ætla, að um 45 mín. hefðu liðið, frá því að þeir komu á veiðistað og þar til lögregla kom.

Vitnið Sölvi Jóhannsson vélstjóri kvaðst hafa verið í Vertshúsinu á Hvammstanga í umrætt skipti. Hann kvaðst hafa verið drukinn. Hann sagði, að ákærði hefði verið orðinn hundleiður á þeim félögum og viljað hypja sig. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða neyta áfengis, en hann hefði

farið á barinn fyrir vitnið. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ölvunareinkenni á ákærða, áður en þeir komu á veiðistað. Vitnið kvaðst hafa sofnað, þegar þeir komu á staðinn.

Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis, áður en hann ók bifreiðinni JG-724 aðfaranótt laugardagsins 29. ágúst 1992 frá Vertshúsinu á Hvammstanga að Melstað. Ákærði kvaðst ætla, að klukkan hefði verið í kringum tvö, er hann ók af stað, en þeir félagar hefðu þá verið búnir að vera 2-3 tíma á Vertshúsinu. Hann kvað féлага sína hafa keypt áfengi, og sjálfur hefði hann keypt áfengi fyrir þá. Var áfengið keypt á bar. Hann segir, að milli Hvammstanga og Melstaðar séu um átta km. Ákærði kvaðst hafa neytt áfengis, eftir að akstri lauk, en gerði sér ekki grein fyrir magninu, sagði, að það hefði verið nokkur slatti af bjór og viskí. Ákærði kvaðst ætla, að lögregla hefði komið á staðinn u. þ. b. 30-40 mín. eftir, að akstri lauk.

Ákærði sagði, að eftir komu á lögreglustöðina á Hvammstanga og skýrslugjöf hjá varðstjóra hefði hann verið færður á heilsugæslustöðina, þar sem þeir félagar þurftu að biða eftir lækni nokkra stund. Ákærði var um það spurður, hvaða skýringu hann gæfi á því, að lögreglumönnum hefði virst bifreið ekið í ójöfnu landslagi. Hann svaraði því til, að menn hefðu getað gengið fyrir bílljósin, og enn fremur hefði hann notað ljóskastara, sem er á jeppanum, til þess að lýsa upp umhverfið, en þeir félagar voru að tína dót út úr bílnum.

Samkvæmt vottorði læknis um töku blóðsýnis frá ákærða var sýnið tekið kl. 3.52 umrædda nótt, magn alkóhóls í blóðsýni verið 0,90‰, en magn alkóhóls í þvagsýni 1,35‰.

Þegar lögreglumenn komu að ákærða og félögum hans, hafði ákærði neytt áfengis, bjórs og viskís, að því er hann sagði, en eingöngu eftir, að akstri lauk. Blóðsýni var tekið frá ákærða rúmri klukkustund eftir, að akstri lauk, og veitir það ekki örugga vísbendingu um, hvort ákærði hafi verið undir áfengisáhrifum við aksturinn né hvert magn alkóhóls hafi verið í blóði hans.

Ákærði verður því sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Allur kostnaður sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Arnar Höskuldssonar hrl., 45.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Vídalín Óskarsson, skal sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Höskuldssonar hrl., 45.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.